

AUGLÝSING**um skipulag í Seyluhreppi í Skagafjarðarsýslu.**

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins, hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964, skuli ná til Seyluhrepps í Skagafjarðarsýslu að undanteknum byggingum á hújörðum.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 5. marz 1971.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING**um breyting á byggingasamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað, sbr. auglýsingu um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á byggingasamþykktum nr. 158 29. september 1967.**

1. gr.

Grein 1. 2. 1. orðist svo:

„Bygginganefnd skipa 5 menn kosnir hlutfallskosningu af bæjarstjórn árlega, samtímis öðrum föstum nefndum, og 5 varamenn þeirra.

Bæjarstjóri er formaður nefndarinnar eða einhver í hans umboði. Byggingafulltrúi, slökkviliðsstjóri og bæjarverkfræðingur eiga sæti á fundum bygginganefndar og hafa þeir tillögurétt, svo og aðrir sérfræðingar, sem sveitarstjórn ákveður.“

Framangreind samþykktarbreyting staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19 20. október 1905 um byggingasamþykktir, sbr. lög nr. 84 16. des. 1943, um breytingar á þeim lögum og skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 5. marz 1971.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.